



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Jákvætt viðhorf — jákvæð umræða

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra
- Ertu virkt foreldri?
- Endurbætt vefsíða fyrir foreldra
- Nemendaráð Áslandsskóla
- Bæjarstjóri í heimsókn
- Einelti er ekki liðið í Áslandsskóla

GÓÐI segir:



Í Áslandsskóla er tekið strax á eineltismálum og reynt að leysa þau eins fljótt og auðið er. Allir verða að hjálpast að.

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Foreldrasamstarf hefur alltaf jákvæð áhrif á skólustarf, það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á.

Kjarninn í samstarfi er reyndar alls staðar sá sami en það er samstarfið um barnið sjálft. Samvinna og samtal foreldra og kennara um stöðu barnsins, þarfir þess, væntingar og getu. Fræðimenn eru sammála um að það sem skiptir mestu máli fyrir velgengni barns í skóla er að foreldrar séu í góðu samstarfi við kennarann og fylgi barninu eftir í námi þess.

Samstarfið í bekknum skiptir einnig miklu máli. Öflugt bekkjarstarf stuðlar að vellíðan barna þar sem það hvetur til samskipta utan hefðbundins skóladags og að allir þeir sem að bekknum koma kynnist betur. Slík kynni geta m.a. auðveldað samskipti og lausn vandamála ef upp koma árekstrar í samskiptum barnanna innbyrðis eða milli barns og kennara.

Foreldrafélagið hefur það

hlutverk að halda utan um starfið í hverjum bekk með því að gæta þess að í öllum bekkjum séu vel upplýstir bekkjarfulltrúar. Eins stuðlar foreldrafélagið að auknu samstarfi milli heimila og skóla í samvinnu við stjórnendur á margvíslegan hátt

Þó nokkur umræða hefur verið um agamál í skólum undanfarið. Gott innlegg í þá umræðu er rannsókn á hegðun nemenda í grunnskólum Reykjavíkur veturinn 2005-6 sem Ingvar Sigurgeirsson prófessor við KHÍ og Ingibjörg Kaldalóns verkefnastjóri hjá RKHÍ unnu. Í rannsókninni kom m.a. fram að umfang agavandamála var mjög misjafnt eftir skólum. Þeir skólar þar sem lítið var um agavandamál fundust í öllum hverfum og voru af öllum stærðum, þannig að það virðist ekki skýra stöðuna. Það sem þessir skólar áttu aftur á móti sameiginlegt var jákvætt viðhorf forráðamanna til nemenda og skólustarf sem

einkenndist af virðingu, trausti og hlýju.

Í Áslandsskóla er öflugt skólustarf og við Áslandsskóla starfar öflugt foreldrafélag. Það er okkur dýrmætt í okkar skólahverfi.

Skólinn og foreldrafélagið eiga að starfa saman af virðingu, trausti og hlýju og sjá til þess að allir séu vel upplýstir um framgang mála í skólanum okkar. Við berum öll ábyrgð á jákvæðri umræðu og jákvæðu viðhorfi, þannig gengur skólustarfið framúrskarandi vel.

Ég hvet alla forráðamenn til að fylgjast vel með skólustarfinu. Hafið þið ábendingar um hvað má betur fara eða hvatningu um vel unnin verk, þá endilega komið þeim á framfæri við stjórnendur skólans.

Bestu skólakveðjur

Leifur S. Garðarsson

Skólustjóri

(pistla skólustjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is
FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.

Endurbætt vefsíða fyrir foreldra

Foreldrafélag Áslandsskóla hóf starfsárið á því að taka vefsíðu félagsins til gagnerrar endurskoðunar í samvinnu við Úlfar Daníelsson tölvukennara. Vefurinn hefur fengið andlitslyftingu auk þess sem búið er að bæta við miklu efni. Það er von stjórnarinnar að síðan verði gagnlegur upplýsingabrunnur sem foreldrar muni nýta sér. Þar má finna efni er snertir foreldrasamstarf og upplýsingar um hvert hægt er að leita varðandi stuðning.

Helstu nýjungar á síðunni eru:

Upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa

Hlutverk bekkjarfulltrúa og fjölbreyttar hugmyndir að bekkjarskemmtunum. Margir bekkir hafa kynnst því að vera með vinahópa og nú má sjá tillögur um skipulagningu þeirra á vefnum.

Samræmd mál

Á kaffisþjalli árganga eru alltaf einhver mál rædd sem snerta nemendahópinn í heild sinni og gott er að hafa samræmd. Þar má nefna sem dæmi útivistarreglur og tölvunotkun. Með því að hafa samræmdar reglur aukast líkurnar á að börnin fari eftir þeim og foreldrar geta verið vissir um að bekkjarfélagarnir geri slíkt hið sama.

Krækjur

Nú er bæði hægt að velja krækjur á þá stoðþjónustu sem í boði er í skólanum sem og á vefsíður sem veita stuðning.

Tilkynningar

Á forsiðuna eru reglulega settar inn tilkynningar til foreldra sem snerta foreldrasamstarf og viðburði. Það er því um að gera að fara reglulega inn á síðuna og kanna hvað er í gangi hverju sinni.

Rannsóknir hafa sýnt að samstarf foreldra og skóla hefur jákvæð áhrif á skólastarf og er því akkur í því fyrir alla að vel sé hugað að því. Á vefsíðu Heimilis og skóla kemur fram að ávinningurinn sé m.a. fólgin í betri líðan bama í skólanum, jákvæðara viðhorfi foreldra og nemenda til skólans sem og auknum samtakamætti foreldra í uppeldis og menntunarhlutverkinu. Því leggur stjórn foreldrafélagsins áherslu á aukið samstarf við foreldra og betra upplýsingaflæði.

Við hvetjum foreldra til að senda okkur upplýsingar um áhugavert efni eða krækjur sem myndu sóma sér vel á foreldravefnum með því að senda tölvupóst á netfang foreldrafélagsins foreldrafelag@aslandsskoli.is.



HÆTTU ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR !!

Miðvikudaginn 20. október fáum við góða gesti í skólann. Um er að ræða forvarnafræðsluna Marita sem Áslandsskóli og foreldrafélag Áslandsskóla standa fyrir. Fræðslan verða annars vegar fyrir nemendur í 7.-10. bekk á skólatíma og hins vegar fyrir forráðamenn um kvöldið, fyrir forráðamenn í 7. bekk kl. 18:00-19:30 og forráðamenn í 8.-10. bekk kl. 19:30-21:00.

Mætum öll og verum vakandi fyrir því að vernda börnin okkar í öllum kringumstæðum.

Einelti er ekki liðið í Áslandsskóla

Í síðastliðnum mánuði fóru Kolbrún skólasálfræðingur og Júlíana námráðgjafi í alla 4. til 10. bekki og ræddu við nemendur um einelti. Skerpt var á samskiptareglum og minnt var á grunnþætti samskipta. Nemendum var sérstaklega gert grein fyrir því að einelti er ekkert annað en ofbeldi sem bannað er með lögum og að við lítum mjög alvarlegum augum á einelti í hvaða mynd sem er. Farið var í margvíslegar birtingarmyndir eineltis og hverjar afleiðingar þess geta orðið fyrir þolendur eineltis.

Stefnan er síðan að fá nemendur í 10. bekk til að fara í 1. -3. bekki undir leiðsögn námsráðgjafa og ræða um þetta málefni.

Þetta er hugsað sem fyrirbyggjandi aðgerð sem vonandi skilar árangri. Mikilvægt er að halda umræðunni lifandi og að forráðamenn ræði við börn sín um þessi mál, en umræðupunkturarnir voru sendir rafrænt til foreldra og eru einnig inni á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar eru svo reglulega minntir á að taka upp þessa umræðu meðal nemenda sinna.

Eyðublöð um meðferð eineltismála, vinnuferli og tilkynningar eru á heimasíðu skólans undir tenglinum „Skólinn“ og þar inni undir „nemendavernd“.

Núna í byrjun mánaðarins verður lögð fyrir **Könnun um líðan** fyrir alla nemendur skólans en það er reglulegur liður í forvarnarstarfi okkar. Á foreldradaginn 21. október verða forráðamenn upplýstir um niðurstöður ef þurfa þykir. Einnig munu allir fá helstu niðurstöður sendar rafrænt eins og venjan hefur verið síðastliðin ár.



Bæjarstjóri í heimsókn

Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, heimsótti Áslandsskóla á dögnum.

Spjallaði bæjarstjóri við starfsfólk með óformlegum hætti á kaffistofu skólans en síðan var gengið um skólann í fylgd skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Gaman að fá bæjarstjórnann í heimsókn en hann kom hjólandi þar sem bíllausi dagurinn var einmitt þennan dag.

Nemendaráð 2010-2011

Bergur Elí Rúnarsson - formaður
Atli Rafn Ómarsson - varaformaður
Tómas Daði Valdimarsson - Ritari
Nína Friðriksdóttir - verkefnastjóri
Sigþór Gellir Michaelsson - Fulltrúi 9. bekkjar
Hrafnkell Þórður Gunnlaugsson - Fulltrúi 9. bekkjar
Arnar Bergmann Róbertsson - Fulltrúi 8. bekkjar
Emelía Heimisdóttir - Fulltrúi 8. bekkjar



Foreldrafélag Áslandsskóla

<http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felag/foreldrafelag.php>

Ertu virkt foreldri ?

Foreldrafélagið stóð nýlega fyrir örnámskeiði þar sem fjallað var um mikilvægi foreldrasamstarfs og ávinning þess fyrir skólann. Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Heimili og skóla fjallaði um efnið en hún hefur áralanga reynslu af því sem foreldri, amma og áhugamanneskja um velferð barna og unglinga.

Mjög góð mæting var á námskeiðið þar sem mættur var stór hluti bekkjarfulltrúa og fjöldi virkra foreldra, alls 51 þátttakandi. Helga Margrét fræddi þá m.a. um hlutverk bekkjarfulltrúa, foreldrafélaga og skólaráða og á hvaða hátt foreldrar geta tekið virkan þátt í skólastarfi. Samkvæmt henni á samstarf heimila og skóla eingöngu að ganga út á eitt, að bæta líðan barna. Allt starf þessara aðila við skólann eigi að miða að því.

Eftir að foreldrar höfðu gætt sér á konfektí í stuttri pásu var komið að umræðuhópum. Hóparnir áttu að ræða kosti Áslandsskóla og hvað mætti bæta. Uppbyggilegar umræður sköpuðust eftir að hóparnir lásu upp sínar niðurstöður. Niðurstöðurnar verða kynntar á skólaráðsfundi og birtar á heimasíðu skólans.

Þessi kvöldstund lofaði virkilega góðu fyrir aukið samstarf heimila og skóla en það er mikill akkur í því fyrir báða aðila að samstarfið sé gott og byggist á gagnkvæmu trausti, samábyrgð og virðingu.

Eða eins og Helga Margrét kom inn á:

Gott samstarf foreldra og skóla er undirstaðan að því að börnin okkar nái árangri í lífinu – Vertu með.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri